

T-saga

Þetta var mjög skrýttinn morgunn. Þegar _____ vaknaði var hábjartur dagur, og það var greinilegt að hún hefði sofði yfir sig. Mamma hennar sat á rúmstokknum og horfði ringluð á vekjaraklukkuna. „Þetta er nú skrýtið,“ sagði hún. „Allar tölurnar eru horfnar af klukkunni, svo að hún vakti okkur ekki í morgun. Ég hef ekki hugmynd um hvað klukkan er!“ Reyndar kom í ljós að allir tölustafir voru horfnir í allri íbúðinni. Það var ekki hægt að kveikja á sjónvarpinu af því að það var ekki hægt að velja rás, og tölvur og símar virkuðu heldur ekki, og dagatalið var alveg tóm. _____ grunaði fljótlega hvað hefði gerst en sagði ekkert ennþá um það við mömmu sína. Hún hélt hún gæti kannski fundið leið til að bjarga málunum. Allt í einu var bankað hjá þeim, og _____ fór til dyra. Hún varð mjög hissa og svolítið hrædd þegar það kom í ljós að þetta var tígrisdýr. En það var ekkert að óttast, því að þetta var mjög kurteist og tillitssamt tígrisdýr. „Komdu sæl,“ sagði tígrisdýrið. „Getur þú nokkuð hjálpað mér? Ég er túristi hérna á Íslandi og þarf að ná flugvélinni til Tælands, en ég veit ekki hvað klukkan er af því að allir tölustafir virðast vera horfnir. Það er bara núll og nix!“ „Það er ekki einu sinni núll eftir,“ sagði _____, „því að núll er líka tölustafir. Og tölustafirnir okkar eru líka horfnir, svo að ég veit ekki hvað klukkan er. En ég held að ég viti hvað hefur gerst. Vondi galdrakarlinn hefur tekið allar tölurnar. Viltu kannski koma með mér til hans? Það gæti komið sér vel að hafa tígrisdýr með í för!“ „Tvímælalaust!“ svaraði tígrisdýrið tafarlaust.

_____ og tígrisdýrið héldu strax af stað. Fyrst ætluðu þau að taka strætó, en það var auðvitað ekki hægt af því að númerin vantaði líka á alla strætisvagnana svo að þeir vissu ekkert hvaða leið þeir ættu að fara. Þau þurftu því að fara gangandi og þau gengu tímunum saman yfir bæði tún og tinda.

Allt í einu heyrðu þau einhvern hrópa upp yfir sig. „Ó nei,“ heyrðist. „Þetta mátti ekki gerast! Æ, æ, æ, það eru tennur út um allt!“

_____ varð mjög forvitin. Hver gat þetta verið?

Þau færðu sig nær og sáu lítinn, skrýttinn náunga sem skreið um á jörðinni.

„Halló,“ sagði _____. „Hver ert þú?“

„Ég er Tóti tannálfur,“ svaraði hann. „Ég er í svo miklum vanda. Ég var að missa tennurnar sem ég hef safnað saman undan koddanum hjá öllum börnunum í nótt.“

„Á ég ekki að hjálpa þér?“ spurði _____.

„Það gengur alltaf betur ef maður hjálpast að.“

Tóti tannálfur var mjög þakklátur og saman tókst þeim að safna öllum tönnunum saman í töskuna hans.

„Takk fyrir hjálpina! Af því að þú varst svo hjálpsöm langar mig að gefa þér þennan töfrapoka,“ sagði Tóti og tók lítinn flauelspoka upp úr töskunni. „Töfrapokinn virkar þannig að ef maður réttir höndina niður í hann getur maður alltaf tekið upp úr honum það sem maður þarf á að halda.“

_____ þakkaði fyrir þessa veglegu gjöf, og svo héldu þau tígrisdýrið ferðinni áfram. Innan skamms voru þau komin að kastala galdrakarlsins.

„Eigum við að stríða galdarkarlinum svolítið?“ sagði _____ við tígrisdýrið. Svo bankaði hún á kastalahurðina og hrópaði:

„Töframaður! Ertu heima? Töframaður!“

Fljótlega kom galdrakarlinn reiðilegur til dyra.

„Ég er sko ekki neinn töframaður, stelpa! Ég er

alvöru galdrakar!“

Svo tók hann eftir tígrisdýrinu og varð greinilega svolítið hræddur. „Óóó, ehemmm, t-t-tígrisdýr! U-u-u, þú mátt alveg kalla mig töframann – eða bara hvað sem þú vilt. Bara ekki hleypa tígrisdýrinu of nálægt!“

„Iss, ég var bara að stríða þér,“ sagði _____ . „En ég ætlaði að fá þig til að skila öllum tölustöfunum. Þetta gengur ekki lengur! Við þurfum á tölunum að halda!“

„Hmmm,“ svaraði galdrakarlinn. „Já, ég veit reyndar ekki alveg hvað ég á að gera við alla þessa tölustafi. En þú verður að gera eitthvað fyrir mig í staðinn. Ég vil fá tíu hluti sem byrja á T, og það áður en ég er búinn að telja upp að tíu!“

_____ brosti örugg og rétti höndina niður í töfrapokann....

[10 hlutir; í hvert sinn segir galdrakarlinn:

„Allt í lagi, hér færðu tölustafinn [einn, tvo, o.s.frv.]“, þangað til að komið er að tíunda hlutnum og það er bara núll eftir. Þá segir hann: „Og hérna færðu svo tölustafinn tíu! Ö-ö! Nei, þetta er ekki tíu! Hvar er tíu? Hvernig skrifar maður eiginlega tíu? Hvaða tala er þetta sem er eftir núna og er eins og hringur (eða sporaskja)?“ Hann er mjög ringlaður, og barnið verður að leiðrétta hann].

_____ og tígrisdýrið fóru nú hæstánægð heim og tígrisdýrið náði flugvélinni heim til Tælands. En það lofaði að senda tölvupóst til að láta vita að ferðin hefði gengið vel.

